



Borgarráð

Frá fundi endurskoðunarnefndar 23. apríl 2024

Á fundi endurskoðunarnefndar dags. 23. apríl 2024 fór fram kynning á niðurstöðum á úttektarverkefni Innri endurskoðunar og ráðgjafar á vinnuferli við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar og lögð fram skýrsla til stjórnenda dags. 23.04.2024. IER23050023

Óskað er eftir kynningu á niðurstöðum IER í borgarráði.

Virðingarfyllt,

Ingunn Ólafsdóttir
ritari endurskoðunarnefndar

Hjálagt: *IER23050023_Lokaskýrsla_Vinnuferli við gerð reikningsskila RVK 23.4.2024 og Kynning IER - Vinnuferli við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar*



Vinnuferli við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar Fjármála- og áhættustýringarsvið



Innri endurskoðun og ráðgjöf
fagsvið innri endurskoðunar

23. apríl 2024
IER23050023



Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Samantekt niðurstaðna og ábendingar	5
3. Fjármála- og áhættustýringarsvið	8
4. Villa í ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022	9
5. Úttekt á vinnuferli við gerð reikningsskila	12
Viðauki I – Áhættuflokkun ábendinga	17
Viðauki II – Viðmælendur úttektar	18

1. Inngangur

2.1. Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar

Innri endurskoðun og ráðgjöf (hér eftir IER) annast innri endurskoðun hjá Reykjavíkurborg. IER heyrir undir borgarráð Reykjavíkur og innri endurskoðandi nýtur faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnýsly borgarinnar. Fagsvið innri endurskoðunar er starfseining innan IER sem annast innri endurskoðun og metur stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit ásamt því að gera viðeigandi ábendingar og tillögur um úrbætur á ferlum og hvetur þar með til stöðugra úrbóta í starfsemi Reykjavíkurborgar. Fagsviðið starfar á grundvelli faglegrar umgjörðar um innri endurskoðun sem gefin er út af Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda.

2.2. Tilefni, markmið og afmörkun úttektar

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar tók á fundi sínum þann 8. maí 2023 til umræðu ársreikning Reykjavíkurborgar og var lögð fram bókun vegna skekkju sem kom upp við endurskoðun. Verðbætur reyndust í sjóðstreymi oftaldar um 2.492 m.kr. og lántaka vantalin um sömu fjárhæð. Um var að ræða áfallnar verðbætur á verðtryggð skuldabréf á útgáfudegi sem lagðar voru við verðbætur í sjóðstreymi í stað færslu á ný lán. Leiðréttingin hafði áhrif á niðurstöðu veltufjár frá rekstri og fjármögnunarahreyfingar í sjóðstreymi. Áhrif á rekstrar- og efnahagsreikning voru engin.

Á sama fundi óskaði endurskoðunarnefnd eftir því að fjármála- og áhættustýringarvið (hér eftir FAS) greindi skriflega ástæður þess að skekkja varð í sjóðstreymi og óskaði nefndin einnig eftir því að IER framkvæmdi úttekt á innra eftirliti við vinnuferli við gerð reikningsskila. Á fundi nefndarinnar þann 15. október 2023 lagði sviðsstjóri FAS fram greinargerð um ástæður villunnar og viðbrögð sem gripið hefur verið til að fyrirbyggja að þetta komi fyrir aftur (FAS23020020).

Markmið þessarar úttektar er að kanna virkni innra eftirlits við vinnuferli við gerð reikningsskila hjá Reykjavíkurborg. Innra eftirlit stuðlar að því að fyrirtæki nái settum markmiðum um árangur, skilvirkni í rekstri, áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og fylgni við lög og reglur.

Skoðað verður vinnuferli við gerð reikningsskila hjá A hluta Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022. Metið verður hvort breytingar á verklagi, sem skilgreindar eru í greinargerð sviðsstjóra FAS frá 15. október 2023, séu fullnægjandi og hvort gera þurfi aðrar breytingar til að stuðla að virku innra eftirliti með gerð reikningsskila borgarinnar. Á FAS koma eftirfarandi skrifstofur að vinnuferli við gerð reikningsskila og verður skoðað verklag og upplýsingakerfi þeirra: Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa, áætlana- og uppgjörsskrifstofa og bókhaldsskrifstofa.

2.3. Verkferill úttektar

Starfandi ráðgjafi sem vann verkefnið með IER er Herbert Baldursson, löggiltur endurskoðandi hjá PwC. Úttektin hófst með fundi með sviðsstjóra FAS, skrifstofustjóra áætlana- og uppgjörsskrifstofu og deildarstjóra uppgjörssdeildar þann 21. september 2023 þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða úttekt á vinnuferli við gerð reikningsskila og að hún færi af stað eftir að skriflegar ástæður sviðsstjóra FAS fyrir villunni lægju fyrir. Við vinnslu á verkáætlun var fundað með starfandi skrifstofustjóra fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu þann 25. október 2023 og var verkáætlun gefin út þann 20. nóvember 2023.

Skilafundur var haldinn 21. febrúar 2024 með stjórnendum FAS þar sem farið var yfir skýrsludrögin. Þau voru síðan send sviðsstjóra FAS til umsagnar þann 21. febrúar 2024 og hefur hér verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem bárust. Niðurstöður voru kynntar í endurskoðunarnefnd þann 23. apríl 2024 og í borgarráði. Lokaskýrsla var send stjórnendum auk þess sem ábendingum er beint til ábyrgðaraðila.

2. Samantekt niðurstaðna og ábendingar

IER framkvæmdi úttekt á vinnuferli við gerð reikningsskila að beiðni endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Við vinnslu úttektar voru tekin viðtöl við stjórnendur á FAS og fór fram skoðun á verklagsreglum, vinnulýsingum og gátlistum og breytingum á þeim sem tilgreindar eru í greinargerð sviðsstjóra FAS til endurskoðunarnefndar dagsett 15. október 2023. Þá var farið með stjórnendum fjárstýringardeildar og uppgjörseildar yfir uppgjörsgögn og vinnuskjöl við uppgjör á árinu 2023 og bókhaldsgögn í fjárhags- og lánakerfi Reykjavíkurborgar.

Hér eru helstu niðurstöður dregnar saman sem tengjast þeim ábendingum sem koma fram í töflu 2.2.

Mat IER á uppgjörserlinu

IER fór sérstaklega yfir vinnulag við vinnslu lána hjá fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu og svo gerð ársreiknings hjá áætlana- og uppgjörsskrifstofu. Við yfirferð IER á þeim verkefnum og verkferlum þessara skrifstofa kom í ljós að vinna þeirra var ágætlega skipulögð og starfsmenn reyndir. Að þeirra sögn er álag hæfilegt þó að það komi álagstoppar við gerð reikningsskila. Það kom hins vegar skýrt fram að mikil fjölgun á skuldabréfaútboðum hefur aukið mjög á umsýslu lána hjá báðum skrifstofum. Sú umsýsla er að miklu leyti í Excel, en með auknu umfangi eykst tímafrek handavinna og villuhætta.

Vegna skipulagsbreytinga um áramót 2023-2024 hafa orðið breytingar á áætlana- og uppgjörsskrifstofu og hefur áætlanaeildin og starfsfólk þess, sem hefur tekið þátt í gerð uppgjöra með uppgjörseild, flust á nýja skrifstofu. Vegna þessa þarf að huga að fullnægjandi mönnun við gerð uppgjöra. Skilgreina þarf teymishóp fyrir gerð uppgjöra sem stýrt er af deildarstjóra uppgjörseild til að tryggja faglega vinnu og stýringu.

Með breytingum á ársreikningalögum aukast kröfur um ófjárhagslegar upplýsingar í ársreikningi Reykjavíkurborgar. Nú þegar er erfitt fyrir uppgjörseild að sinna þeim kröfum um ófjárhagslega upplýsingagjöf

sem verið hefur við gerð ársreiknings. Það flækir einnig að ófjárhagslegar upplýsingar snúa að öðru en hefðbundnum fjárhagsupplýsingum sem fjárhagsdeildir eru vanar að sinna. Reykjavíkurborg hefur komið á sérstöku, þverfaglegu skýrslugerðarteymi fyrir ófjárhagslegar upplýsingar, enda eru þetta upplýsingar sem krefjast sérhæfðrar þekkingar og vinnu. Umsjón með teyminu er hjá uppgjörseild eins og önnur verkstýring við gerð ársreikninga.

FAS leitaði til KPMG um álit á lágmarkskröfum sem ársreikningalögin gera til ófjárhagslegra upplýsinga hjá sveitarfélögum. Niðurstaða KPMG er að ákvæði ársreikningalaganna gildi ekki um ófjárhagslega upplýsingagjöf um sveitarfélög. Þá kom fram í álitinu að eðlilegt væri að veita þessar upplýsingar eftir því sem þær eiga við sveitarfélög í skýrslu stjórnar þrátt fyrir að ekki séu bein lagafyrirmæli um slíkt í ársreikningalögum. Fjallað hefur verið um álitid á fundum endurskoðunarnefndar með stjórnendum og ytri endurskoðendum en ekki er búið að taka endanlega afstöðu til málsins.

Önnur upplýsingagjöf í tengslum við uppgjör Reykjavíkurborgar er skýringar við störf sviða og fyrirtækja Reykjavíkurborgar sem settar eru fram í sérstakri greinargerð. IER telur að setja þurfi upp teymi til að leiða vinnu og reglulega endurskoðun á greinargerðinni og annarri slíkri skýrslugjöf tengda uppgjörum Reykjavíkurborgar.

Við yfirferðina kom einnig í ljós að uppgjör B-hluta fyrirtækja sem notuð eru í samstæðuuppgjóri Reykjavíkurborgar eru ekki endurskoðuð þó svo að ársreikningar fyrirtækjanna eru endurskoðaðir. Uppgjörseild ber saman upplýsingar í uppgjörspökkum við ársreikninga B-hluta fyrirtækjanna eftir því sem mögulegt er. IER leggur til að uppgjörspakkarnir verði endurskoðaðir, til að auka öryggi þeirra upplýsinga sem eru notaðar í samstæðuuppgjóri Reykjavíkurborgar.

Almennar ábendingar um áhættumat og formlega skráningu, rýni og uppfærslu ferla og eftirlitsaðgerða

Lagt er til að báðar skrifstofur, fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa og skrifstofa bókhalds og uppgjors, rýni sína ferla og uppfæri reglulega, t.d. með því að allir ferlar séu rýndir alla vega einu sinni á þriggja ára tímabili. Einnig er lagt til að áhættumeta verkferla reglulega til að greina hvar mest er þörf á eftirlitsaðgerðum. Lagt er til að formfesta og skrá mikilvægustu eftirlitsaðgerðir vegna vinnslu reikningsskila Reykjavíkurborgar. Slíkt skapar samfellu og öryggi í vinnslu verkefna auk þess sem það auðveldar afleysingar og hugsanlegar manna-, verkefna- eða skipulagsbreytingar.

Mat IER á viðbrögðum stjórnenda við villunni í ársreikningi 2022

Lánakerfi er ætlað að halda utan um tekin lán og búa til nauðsynlegar færslur í bókhaldi. Lánakerfið sem Reykjavíkurborg notar, Navision, nær hins vegar ekki að gera færslur sem sundurliða allar verðbætur tímabils rétt á liði í bókhaldi. Villa í ársreikningi Reykjavíkurborgar 2022 varð til þar sem fylgjast þurfti með og gera handvirkar lagfæringar á færslum sem fara frá lánakerfi yfir í bókhald. Innra eftirlit brást í þessu tilfelli þar sem ekki var viðeigandi yfirferð með að þessi leiðrétting væri gerð. Starfsmaður sem framkvæmdi þá yfirferð var hættur. Starfsmenn fjárstýringar og uppgjorsdeildar hafa nú sett upp eftirlitsaðgerðir til að bregðast við þessari áhættu á rangri bókun.

Ekki verður breyting á þessari þörf á lagfæringum á meðan lánakerfið er óbreytt þar sem það býður ekki upp á að færa viðeigandi færslur sjálfvirk. Mikil fjölgun á skuldabréfaútboðum á síðustu árum hefur aukið mjög á umsýslu lána og því telur IER að Reykjavíkurborg þurfi að skoða lánakerfi sem myndi draga úr handavinnu og þar með villuhættu við uppgjör og eftirlit vegna lána. Gott lánakerfi stuðlar að skilvirkara vinnulagi, réttleika og aðgengileika upplýsinga.

2.4. Fjöldi ábendinga eftir áhættuskori

Í úttektinni var farið yfir vinnuferli við gerð reikningsskila FAS. Settar eru fram sex ábendingar og ein tillaga til úrbóta í skýrslunni.

Litur	Áhættuskor	Fjöldi
●	Mikil áhætta	3
●	Nokkur áhætta	2
●	Lítill áhætta	1
●	Tillögur til úrbóta	1
	Fjöldi	7

Sjá nánar í viðauka I – Áhættuflokkun ábendinga.

Ábendingunum verður fylgt eftir af IER með eftirfylgnikönnun og niðurstöður hennar kynntar í endurskoðunarnefnd þegar þær liggja fyrir og birtar á heimasíðu IER.

2.5. Ábendingar IER og viðbrögð stjórnenda


Sjá skilgreiningu á áhættuflokkun ábendinga í viðauka I.

Áhættu- mat	Nr.	Ábendingar og tillaga til úrbóta	Ábyrgðaraðili	Viðbrögð stjórnenda Áætluð tímasetning lok úrbóta
Mikil áhætta	1	Innleiða þarf lánakerfi sem dregur úr handavinnu við uppgjör og eftirlit vegna lána, þar sem í slíkri handavinnu felst verulega villuhætta. Gott lánakerfi stuðlar að skilvirkara vinnulagi, réttleika og aðgengileika fjárhagsupplýsinga.	Skrifstofustjóri fjárstýringar og innheimtu	Sett verði í gang vinna við skoðun á lánakerfi á árinu 2024. Áætluð lok þarf að rýna í ljósi niðurstöðu og fjármögnunar.
Nokkur áhætta	2	Lagt er til að fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa og bókhalds- og uppgjörsskrifstofa rýni sína ferla og uppfæri reglulega. Í þeirri vinnu séu verkferlarnir einnig áhættumetnir til að greina hvar mest er þörf á eftirlitsaðgerðum og að mikilvægustu aðgerðirnar séu skráðar við vinnslu reikningsskila Reykjavíkurborgar.	Skrifstofustjóri fjárstýringar og innheimtu / Skrifstofustjóri bókhalds og uppgjörs	Uppgjörsferlar eru yfirfarnir á tveggja ára fresti, næst á árinu 2024. Sett verði af stað vinna við kortlagningu, rýningu og áhættumat aðliggjandi ferla sem lokið verði á árinu 2025.
Mikil áhætta	3	Vegna skipulagsbreytinga á FAS um áramót 2023-2024 þarf að huga sérstaklega að fullnægjandi mönnun við gerð uppgjöra. Skilgreina þarf teymishóp fyrir gerð uppgjöra sem stýrt er af deildarstjóra uppgjörs til að tryggja faglega vinnu og stýringu.	Skrifstofustjóri bókhalds og uppgjörs	Skipað verði uppgjörsteymi með vel skilgreindri hlutverkaskiptingu fyrir lok árs 2024. Vinna við mönnun skrifstofa og deilda er hluti af verkefni sem unnið verður 2024 í framhaldi af skipulagsbreytingum. Þeirri rýningu verði lokið í árslok 2024.
Nokkur áhætta	4	Skera þarf úr um hvort sveitarfélög falli undir ákvæði ársreikningalaga um að veita upplýsingar í skýrslu stjórnar um góða stjórnarhætti (66. gr. c) og ófjárhagslega upplýsingagjöf (66. gr. d).	Sviðsstjóri FAS	Viðbrögð hafa ekki enn borist IER.
Lítill áhætta	5	Setja þarf upp teymi til að leiða vinnu við endurskoðun á skýrslugjöf tengdri uppgjörum Reykjavíkurborgar, m.a. greinargerð með árs- og árs Slutareikningi.	Sviðsstjóri FAS	Endurskoðun á annarri skýrslugjöf mun fara fram samhliða verkefni við ófjárhagslega upplýsingagjöf og eru áætluð verklok 2025.
Nokkur áhætta	6	Lagt er til að uppgjörspakkar B-hluta fyrirtækja verði endurskoðaðir til að auka öryggi þeirra upplýsinga sem eru notaðar í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar.	Deildarstjóri uppgjörseildar	Lok árs 2024.
Tillaga til úrbóta	1	Huga þarf vel að verkefnastjórnun við breytingar á skipulagi fjármála- og áhættustýringarsviðs og gæta þess við uppgjörsvinnu Reykjavíkurborgar falli engin verkefni milli stafs og hurðar. Skipuleggja þarf vel vinnu verkefna- og fagteyma og tryggja þar með samfellu í stjórnun og vinnslu uppgjöra Reykjavíkurborgar.	Sviðsstjóri FAS	Innleiðing breytinga er í sérstökum farvegi sem hefur verið skilgreindur. Hluti af verkefni varðandi mönnun skrifstofa og deilda.

3. Fjármála- og áhættustýringarvið - nýtt skipulag janúar 2024

Fjármála- og áhættustýringarvið (FAS) hefur yfirumsjón með fjármála- stjórn Reykjavíkurborgar. Fram til 1. janúar 2024 skiptist sviðið í átta starfseiningar: áætlana- og uppgjörsskrifstofu, bókhaldsskrifstofu, eignaskrifstofu, fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu, innkaupaskrifstofu, launaskrifstofu, skrifstofu áhættustýringar og skrifstofu sviðsstjóra.

Borgarráð samþykkti nýtt skipulag og stefnu fyrir FAS þann 24. september 2023 og tók það gildi þann 1. janúar 2024. Með breytingunum verður sviðinu skipt í sex skrifstofur.



Hér er lýsing verkefnum hjá þeim nýju skrifstofum sem koma að vinnuferli við gerð reikningsskila hjá Reykjavíkurborg.

Skrifstofa fjárstýringar og innheimtu fær til sín eftirfarandi málefni: Fjárstýringu, innheimtu, gjaldkera og tekjueftirlit. Aukin áhersla verður á tekjueftirlit og mótun ferla til að sinna slíku eftirliti, þá sinnir skrifstofan lausafjárstýringu, skuldabréfaútboðum, lánaumsýslu, útgáfu grænna skuldabréfa, gerð samninga við fjármálafyrirtæki, innheimtu krafna, samskiptum við innheimtufyrirtæki, greiðslumiðlun, fasteignagjöldum - álagningu og innheimtu ásamt sölureikningum sem hingað til hefur verið sinnt frá skrifstofu bókhalds.

Skrifstofa bókhalds og uppgjörs fær til sín eftirfarandi málefni: Bókhald, uppgjör og afstemmingar. Skrifstofan sinnir reglubundnum uppgjörum A-hluta og samstæðu, ber ábyrgð á gerð ársreiknings Reykjavíkurborgar ásamt skýrslum og greinargerðum. Skrifstofan leiðir samskipti við endurskoðunarnefnd og ytri endurskoðendur og ber ábyrgð á skilum fjárhagsgagna til ytri aðila. Þá sinnir skrifstofan bókhaldi og afstemmingum, en í því felst m.a. móttaka og skráning reikninga, afstemming birgjareikninga og innkaupakorta, bókun tekjuskráninga, umsjón með ferðaheimildum, verktakamiðum auk annarra hefðbundinna verkefna sem tilheyrja alla jafna bókhaldi.

Með nýju skipuriti verður horft til aukins teymisstarfs innan sviðsins til að koma áhersluverkefnum í framkvæmd. Teymi geta verið breytileg og skilgreind eftir viðfangsefnum hverju sinni.

a. Verkefnateymi. Verkefnabundin teymi vinna í skýrt afmörkuðum vinnulotum (t.d. til 6 mánaða í senn) þar sem árangur teyma er gerður upp með reglubundnum hætti. Verkefnateymi sinna umbótum, þverfaglegri vinnu, breytingum á ferlum og öðrum verkefnum, m.a. í kjölfar stefnumótunar sviðsins.

b. Fagteymi. Föst teymi sem koma að reglubundnum ferlum, eins og fjárhagsáætlun, áhættustýringu, stafrænum umbótum o.fl. Forsenda þess að fagteymi verði til er að viðfangsefnin kalli á þverfaglega þekkingu.

4. Villa í ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022

Á fundi endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar þann 8. maí 2023 fór fram umræða um ársreikning fyrir árið 2022. Við endurskoðun reyndust verðbætur í sjóðstreymi oftaldar um 2.492 m.kr. og lántaka vantalin um sömu fjárhæð. Um var að ræða áfallnar verðbætur á verðtryggð skuldabréf á útgáfudegi sem lagðar voru við verðbætur í sjóðstreymi í stað færslu á ný lán. Leiðréttingin hafði áhrif á veltufé frá rekstri og fjármögnunarhreyfingar í sjóðstreymi en ekki á rekstrar- og efnahagsreikning. Endurskoðunarnefnd óskaði eftir því að fjármála- og áhættustýringarsvið greindi skriflega frá ástæðum þess að skekkja varð í sjóðstreymi.

Bókunarferli lántöku í kjölfar skuldabréfaútbóðs

Í svari sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs þann 15. október 2023 (FAS23020020) kom fram að skuldabréfaútgáfa hjá Reykjavíkurborg fer fram með tvennum hætti, annað hvort með útgáfu skuldabréfa í nýjum skuldabréfaflokki eða með útgáfu í flokki sem þegar er til.

Skuldabréfaflokkar borgarinnar eru skráðir í Kauphöll, bæði verðtryggðir og óverðtryggðir og til mismunandi langs tíma. Þeir bera allir fasta nafnvexti sem voru ákveðnir þegar skuldabréfaflokkurinn var gefinn út í fyrsta skipti. Útgáfa í skuldabréfaflokki sem þegar er til er algengasta form lántöku hjá borginni og umrædd villa snýr að því þegar lántaka er með þeim hætti, þ.e. þegar lántaka er aukin með útgáfu skuldabréfa í þegar útgefnum verðtryggðum skuldabréfaflokki.

Þar sem gefið er út í skuldabréfaflokki sem þegar er til er viðbótarútgáfan seld á uppgjörsgengi (e. dirty price). Það tekur tillit til ávöxtunarkröfu á uppgjörsgengi sem og að skuldabréfið sé verðbætt aftur til upphafsdags skuldabréfaflokksins að frádregnum þeim afborgunum sem hafa fallið til áður en viðbótarútgáfan var gefin út. Ný lántaka á þessum tímamarki samanstendur því af höfuðstól, áföllnum verðbótum frá upphafsgengi skuldabréfaútgáfu að útgáfudegi viðbótarútgáfunnar, áföllnum vöxtum frá síðasta gjalddaga skuldabréfaflokksins og afföllum/yfirverði hafi útbóðsvextir verið aðrir en nafnvextir skuldabréfaflokksins.

Á uppgjörsgengi skuldabréfaútbóðs er nafnverð skuldabréfs sem selt var í útbóði skráð inn í lánakerfið (Navision) og það reiknar upp lánið frá útgáfudegi skuldabréfaflokks til útgáfudags útbóðsins og birtir greiðsluröð skuldabréfsins. Þá eru réttar eftirstöðvar valdar í lánakerfinu og eldri gjalddagar merkjast sem greiddir og bókast þá viðbótarlánið í lánakerfinu. Samhliða er skuldabréfaútgáfan bókuð í fjárhagsbókhalda eftir uppgjöri frá kauphallargögnum og er það ferli handvirkt. Eftir þessar aðgerðir er staða lánsins rétt bæði í lánakerfi og í fjárhagsbókhalda.

Í lok mánaðar er keyrð keyrsla í lánakerfinu sem reiknar upp stöðu lánsins miðað við mánaðamótin, áfallnar verðbætur og áfallna vexti. Í kjölfarið er keyrð bókunartillaga með niðurstöðum á uppreikningi skuldabréfsins, áfallinna verðbóta og vaxta. Gallinn við þessa keyrslu er að inni í henni eru heildarverðbætur skuldabréfsins frá upphafsgengi skuldabréfaflokksins til mánaðamóta og áfallnir vextir frá síðasta gjalddaga skuldabréfsins.

Ástæður villunnar að mati FAS og viðbrögð stjórnenda

Í svari sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs þann 15. október 2023 (FAS23020020) kom fram að ástæður villunnar í sjóðstreymi í ársuppgjöri Reykjavíkurborgar árið 2022 voru tvíþættar:

- Röng bókun – skekkja í bókunarblaði í merkingum sem hjálpa til við að halda utan um hreyfingar á skuldalyklum í efnahags sem notaðir eru við gerð sjóðstreymi.
- Veikleikar í eftirliti við gerð ársreikningsins – afstemming milli verðbóta í sjóðstreymi og verðbóta- og vaxtalykla í rekstri var ekki gerð.

Nánari skýringar á uppruna villunnar í bókunarferlinu

Röng bókun: Bókunartillagan úr skuldabréfakerfinu er bókuð í fjárhagsbókhalda en þetta kallar jafnframt á handvirkar leiðréttingar eða bakfærslu vegna verðbóta fram að dagsetningu útbóðsins og vegna keyþra vaxta. Það var í þessu skrefi sem ferlið brotnaði varðandi bókunina. Við bókun úr lánakerfinu er á skuldalykli í fjárhagsbókhalda bókaður höfuðstóll nýja skuldabréfsins og hann er merkur með N sem

táknar nýtt lán. Áfallnar verðbætur úr skuldabréfakerfinu eru bókaðar á skuldalykilinn með merkingunni V inn á lánið sem táknar verðbætur.

Þegar leiðréttingin/bakfærslan vegna áfallinna verðbóta frá upphafsdegi skuldabréfaflokks að útgáfudegi viðbótar skuldabréfsins er bókuð verður að merkja hana með V í vídd 6 í fjárhagsbókhaldinu til að lækka þær verðbætur sem bókaðar voru úr lánakerfinu og flytja þannig áfallnar verðbætur á útgáfudegi yfir á lántöku.

Fyrir mistök voru verðbæturnar merktar með N og nettuðu út verðbæturnar sem búið var að bóka sem ný lán. Þá stóð aðeins höfuðstóll lánsins eftir sem ný lántaka á skuldalyklinum en allar áfallnar verðbætur voru merktar sem verðbætur tímabilsins. Þessar merkingar eru eingöngu gerðar til að halda saman upplýsingum fyrir gerð sjóðstreymis og höfðu því ekki áhrif á stöður í rekstri né efnahag.

Af skuldalyklinum í fjárhagsbókhaldi er gert lánayfirlit þar sem hreyfingar vegna sjóðstreymis eru sundurliðaðar og þá hafa merkingarnar *N: ný lán* og *V: verðbætur* töluverða þýðingu.

Eftirlit við gerð ársreiknings: Við gerð árshluta- og ársreikninga hefur vinnulagið í hverju uppgjöri verið að yfirfara lánayfirlitið og tryggja að heild lána samkvæmt lánayfirliti stemmi við heild lána samkvæmt efnahagslyklum í bókhaldi og að sjóðstreymi og efnahagur árs- og árshlutareikninga stemmi við lánayfirlitið. Einnig að sjóðstreymismerkingar (n og v) á lánayfirliti stemmi við sjóðstreymismerkingar á efnahagslyklum í fjárhagsbókhaldi. Það sem vantaði í verklagið var að tilgreina í lánayfirliti hreyfingar vaxta og verðbóta til að hægt væri að gera samanburð við vaxta- og verðbótalykla í bókhaldi (rekstrarreikningi). Lánayfirlit hefur verið uppfært til að greina hreyfingar verðbóta, sem auðveldar afstemmingar.

Viðbrögð FAS við þeirri villu sem kom upp í sjóðstreymi eru eftirfarandi:

1. Bókunarblöðin hafa verið lagfærð.
2. Lánayfirlit hefur verið lagfært með því að bæta við dálki fyrir verðbætur.
3. Uppgjörseild yfirfer í hverju uppgjöri bókanir vegna nýrra skuldabréfa til að tryggja að verðbætur séu rétt bókaðar bæði í rekstri og efnahag.
4. Uppgjörseild stemmir af lykla vegna verðbóta og annarra reiknaðra fjármagnsliða, s.s. affalla milli reksturs og sjóðstreymis í hverju uppgjöri. Þetta eru samtals 4 lykklar sem stemma þarf af við sjóðstreymið í hvorum sjóði fyrir sig. Leiðbeiningar og gátlisti hafa verið uppfærð.

Mat IER á viðbrögðum stjórnenda við villu

Villa í ársreikningi Reykjavíkurborgar 2022 varð til þar sem fylgjast þarf með og gera handvirkar lagfæringar á færslum sem fara frá lánakerfi yfir í bókhald. Slíkar handvirkar lagfæringar bjóða heim möguleikanum á skekkju, eins og varð raunin í þessu tilfelli. Ekki verður breyting á þessari þörf á lagfæringum á meðan lánakerfi er óbreytt þar sem það býður ekki upp á að færa viðeigandi færslur sjálfvirk.

Lánakerfi er ætlað að halda utan um tekin lán og búa til nauðsynlegar færslur í bókhaldi. Lánakerfið sem Reykjavíkurborg notar, Navision, nær hins vegar ekki að gera allar færslur sem sundurliða allar verðbætur tímabils rétt á liði í bókhaldi. Því verður að gera sumar færslur handvirk.

Innra eftirlit brást í þessu tilfelli þar sem ekki var viðeigandi yfirferð með að þessi leiðrétting væri gerð. Starfsmaður sem framkvæmdi þá yfirferð var hættur. Starfsmenn fjárstýringar og uppgjörseildar hafa nú sett upp eftirlitsaðgerðir til að bregðast við þessari áhættu á rangri bókun.

Afstemningar milli undirkerfa og bókhaldskerfis eru gerðar reglulega. Auðvelt er að gera heildarafstemmingu á milli bókhaldskerfis og lánakerfis, enda er það gert reglulega. Hins vegar veitir lánakerfi ekki beint upplýsingar um innbyrðis skiptingu á lánum, svo sem nýjum lánum og verðbótum. Slík skipting er unnin handvirkt í lánayfirliti sem fjárstýring vinnur. Lánayfirlitinu hefur verið breytt til að einangra betur uppruna verðbótanna og þannig auðvelda afstemmingu á ýmsum lyklum sem tengjast lánum í rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og í sjóðstreymi. Uppgjörsdeild hefur einnig lagt aukna áherslu á afstemmingar lánalykla.

Niðurstaða er því að fjárstýring og uppgjörseild hafa innleitt verkferla og eftirlitsaðgerðir vegna lána til að koma í veg fyrir skekkju eins og var í sjóðstreymi ársreiknings Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022. Þessir verkferlar og eftirlitsaðgerðir krefjast áfram handavinnu. Reykjavíkurborg ætti því að skoða að innleiða lánakerfi sem myndi draga úr handavinnu við uppgjör og eftirlit vegna lána, þar sem í slíkri handavinnu felst áfram veruleg villuhætta.

Ábending um lánakerfi Reykjavíkurborgar

1. Innleiða þarf lánakerfi sem dregur úr handavinnu við uppgjör og eftirlit vegna lána, þar sem í slíkri handavinnu felst veruleg villuhætta. Gott lánakerfi stuðlar að skilvirkara vinnulagi, réttleika og aðgengileika fjárhagsupplýsinga.

5. Úttekt á vinnuferli við gerð reikningsskila

Á fjármála- og áhættustýringarsviði (FAS) koma þrjár skrifstofur að gerð reikningsskila. Í þessari úttekt var farið yfir vinnulagið hjá fjárstýringar- og innheimtusviði og áætlana- og uppgjörssviði. Rætt var við stjórnendur og starfsfólk sem kemur að því að vinna gögn inn í reikningsskil borgarinnar. Einnig var farið yfir ferlið með því að rýna með þeim gæða- og vinnuskjöl.

Í þessari yfirferð IER var sérstaklega farið yfir vinnulag við vinnslu lána hjá fjárstýringar- og innheimtusviði og svo gerð ársreiknings hjá áætlana- og uppgjörssviði. Við yfirferð á þeim verkefnum og verkferlum sem farið var yfir kom í ljós að vinna skrifstofanna við þessi verkefni var ágætlega skipulögð og starfsmenn reyndir. Að þeirra sögn var álag hæfilegt þó að það komi álagstoppar við gerð reikningsskila.

Frekar er farið yfir yfirferð IER í köflum 5.1 og 5.2 hér á eftir. Viðtöl við starfsmenn skrifstofanna voru framkvæmd í desember 2023, en um áramót 2023-2024 tóku gildi skipulagsbreytingar hjá sviðinu sem kalla á breytingar á vinnulagi. Sérstaklega er fjallað um það í kafla 3 hér að framan.

Mat IER á verkferlum við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar

Á stórum vinnustað eins og Reykjavíkurborg þurfa að vera til staðar skriflegir verkferlar, tengdir eftirlitsaðgerðum, m.a. gátlistum og afstemmingum. Ekki síst er það nauðsynlegt ef það verða mannbreytingar, óvænt eða skipulagðar með löngum fyrirvara. Hjá þeim deildum sem voru til skoðunar núna, fjárstýringu og uppgjörssdeild, liggja fyrir skriflegir verkferlar. Starfsmenn hafa sjálfir að einhverju leyti einnig búið til og unnið með gátlista sér til aðstoðar við vinnslu verkefna, en að öðru leyti eru eftirlitsaðgerðir óformlegar og byggjast á þekkingu starfsmanna á verkefnum.

Lagt er til að báðar deildir rýni sína ferla og uppfæri reglulega, t.d. með því að allir ferlar séu rýndir alla vega einu sinni á þriggja ára tímabili. Einnig er lagt til að áhættumeta verkferla reglulega til að greina hvar mest er þörf á eftirlitsaðgerðum. Lagt er til að formfesta og skrá mikilvægustu eftirlits-

aðgerðir vegna vinnslu reikningsskila Reykjavíkurborgar. Slíkt skapar samfellu og öryggi í vinnslu verkefna auk þess sem það auðveldar afleysingar og hugsanlegar manna-, verkefna- og skipulagsbreytingar. Endurskoðun verkferla og eftirlitsaðgerða þarf að vanda vel í tengslum við breytingar á skipulagi fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Ábending um verkferla og eftirlitsaðgerðir í vinnuferli við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar

- 2 Lagt er til að fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa og bókhalds- og uppgjörsskrifstofa rýni sína ferla og uppfæri reglulega. Í þeirri vinnu séu verkferlarnir einnig áhættumetnir til að greina hvar mest er þörf á eftirlitsaðgerðum og að mikilvægustu aðgerðirnar séu skráðar við vinnslu reikningsskila Reykjavíkurborgar.


5.1. Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa

Með skipulagsbreytingunum sem tóku gildi á FAS þann 1. janúar 2024 sinnir skrifstofan tekjueftirliti, lausafjárstýringu, skuldabréfaútboðum, lánaumsýslu, útgáfu grænna skuldabréfa, gerð samninga við fjármálafyrirtæki, innheimtu krafna, samskiptum við innheimtufyrirtæki, greiðslumiðlun og fasteignagjöldum, bæði álagningu þeirra og innheimtu, ásamt sölureikningum sem hingað til hefur verið sinnt frá skrifstofu bókhalds.

Á skrifstofunni starfa níu starfsmenn og skiptast þeir í þrjú teymi: gjaldkerar, innheimta og fjárstýring. Fjárstýringarhópurinn eru tveir starfsmenn auk skrifstofustjóra. Skrifstofustjóri hætti störfum 1. júní 2023 eftir áralangt starf og er sérfræðingur í fjárstýringu nú starfandi skrifstofustjóri. Ráðgert er að ráða í stöðuna með skipulagsbreytingunni sem tók gildi 1. janúar 2024.

Skuldabréfaútgáfa og meðhöndlun skuldabréfa

Reykjavíkurborg er með sex skráða skuldabréfaflokka. Mikil fjölgun hefur verið í skuldabréfaútboðum og á síðustu árum, allt að mánaðarlega. Að auki er Reykjavíkurborg með lán hjá Íslandsbanka, Landsbanka og Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs.



Til að halda utan um skuldabréfaútgáfu notar fjárstýring eftirfarandi kerfi: Navision lánakerfi, Kodiak Pro skuldabréfakerfi og Excel skjöl. Borgin notar fjárhagsbókhaldskerfið Unit4/Agresso.

Farið var yfir ferlið með skrifstofustjóra og sérfræðingi við skuldabréfaútboð í byrjun árs 2023 í skuldabréfaflokki RVK 35 1 og RVK 53 1. Útboðin voru tímasett í útgáfuáætlun 2023 sem samþykkt var í borgarráði. Vinnan hófst með tillögu fjárstýringarteymis um skuldabréfaútboð til fagshóps um fjárstýringu. Eftir að faghópurinn hafði tekið afstöðu til tilboða var bréf frá sviðsstjóra FAS um fyrirhugað skuldabréfaútboð sent til borgarstjóra og greinargerð rituð og lagt fyrir borgarráð daginn eftir útboð. Málið var síðan tekið fyrir á samráðsfundi fjárstýringarhóps borgarinnar sem heimilaði að óska eftir tilboðum frá fjárfestum og var síðan greinargerð send borgarráði með niðurstöðu útboðsins. Þar var lagt til að stækka flokkinn um 1.551 m.kr. á 2,88% eða markaðsverð 2.688 m.kr.

Við skráningu í lánakerfi, þá sækir fjárstýring upplýsingar í Kodiak Pro skuldabréfakerfinu sem sækir upplýsingar frá Kauphöllinni. Hægt er að velja þar tiltekinn skuldabréfaflokk til að reikna út afborganir og heildarverð á hvern seljanda. Þessar upplýsingar eru notaðar til afstemmingar við skráningu nýrra lána í lánakerfið Navision og tryggir að rétt staða á nýjum skuldabréfum sé skráð. Skuldabréfakerfið býr síðan til bókhaldsfærslur fyrir mánuðinn sjálfvirk.

Þar sem skuldabréfakerfið getur ekki greint mismun á áföllnum verðbótum við útgáfudag skuldabréfs innan mánaðar og áföllnum verðbótum frá útgáfudegi til lok mánaðar, þá þarf fjárstýring að gera leiðréttingu og handfæra verðbætur í bókhaldi, sem er gert með sérstöku bókunarblaði í Excel. Í þessu bókunarblaði átti umrædd villa sér stað. Fjárstýring gengur frá bókunarblaði til uppgjörseildar sem fer yfir og sendir síðan til bókhaldsskrifstofu sem bókar inn í Unit4/Agresso fjárhagsbókhaldið.

Fjárstýring heldur utan um tekin lán Reykjavíkurborgar og býr til nauðsynlegar færslur í bókhald vegna þeirra. Lánakerfum er almennt ætlað

að halda utan um tekin lán og búa til nauðsynlegar færslur í bókhaldi. Til þess notar fjárstýring lánakerfið Navision. Hins vegar nær lánakerfið Navision ekki að gera allar færslur, m.a. sem sundurliða allar verðbætur tímabils rétt á liði í bókhaldi, sbr. yfirferð hér að ofan. Því verður að gera sumar færslur handvirk, með tilheyrandi villuhættu.

Auk þess reiknar fjárstýring upp sjóðstreymi fyrir hvert lán í Excel og notar það til eftirlits og útreiknings á afborganir af lánum, stöðu lána og aðra umsýslu með lánum. Heildarstaða lána er stemmd af á milli Excel og lánakerfis. Fjárstýring reiknar út næsta árs afborganir lána sérstaklega, í Excel. Þetta er tímafrek handavinna þar sem fara verður í gegnum hvert lán. Ekki er auðvelt að stemma af rétta stöðu á þessum útreikningum og því er þar villuhætta. Fjárstýring er að vinna í að fá upplýsingar til afstemmingar úr sjóðsstreymisskjölum, sbr. hér að ofan.

Fram hefur komið að uppgjörseild telur að upplýsingar um lán séu veikleiki og því þurfi deildin að verja tíma í að sannreyna þær upplýsingar. Þetta á sérstaklega við um næsta árs afborganir langtímalána. Uppgjörssvið sér um útreikning og færslu affalla, handvirk í Excel. Með fjölgun á skuldabréfaútboðum hefur vinna við þennan lið aukist þar sem hvert útboð skuldabréfa krefst sér útreiknings á afföllum.

Vegna ofangreindra atriða telur IER að skoða þurfi leiðir til að minnka alla handavinnu við umsýslu lána og þá um leið notkun á Excel þar sem þessar aðgerðir eru tímafrekar og auka á villuhættu. Skoða þarf vel hvort til sé lánakerfi sem ræður við öll nauðsynleg verkefni í lánaumsýslu og bókhaldi lána.

5.2. Bókhalds- og uppgjörsskrifstofa

Með skipulagsbreytingunum sem tóku gildi á FAS þann 1. janúar 2024 sinnir þessi nýja skrifstofa bókhaldi Reykjavíkurborgar og uppgjörum. Skrifstofan sinnir reglubundnum uppgjörum A-hluta og samstæðu og ber ábyrgð á gerð ársreiknings Reykjavíkurborgar ásamt skýrslum og greinargerðum. Skrifstofan leiðir samskipti við endurskoðunarnefnd og

ytri endurskoðendur og ber ábyrgð á skilum fjárhagsgagna til ytri aðila. Þá sinnir skrifstofan bókhaldi og afstemmingum, en í því felst m.a. móttaka og skráning reikninga, afstemming birgjareikninga og innkaupakorta, bókun tekjuskráninga, umsjón með ferðaheimildum og verktakamiðum, auk annarra hefðbundinna verkefna sem tilheyra alla jafna bókhaldi.

Áður voru bókhald Reykjavíkurborgar og uppgjör aðskilin í deildum, uppgjör voru unnin á áætlana- og uppgjörsskrifstofu en áætlanahlutinn fór við skipulagsbreytingar á skrifstofu áætlana og hagsmála.

Farið var yfir uppgjörferli við gerð ársreiknings Reykjavíkurborgar með deildarstjóra og staðgengli deildarstjóra uppgjörseildar. Við yfirferð IER á verkferlum uppgjörseildar kom í ljós að vinna deildarinnar er ágætlega skipulögð og starfsmenn reyndir. Farið er eftir verkferlum og það eru eftirlitsaðgerðir til staðar, bæði skriflegar í formi gátlista og einnig aðrar sem byggðust á þekkingu starfsmanna. Starfsmenn eru ánægðir með þau kerfi sem þeir hafa til að vinna uppgjör, bæði bókhaldskerfi og uppgjörskerfi fyrir samstæðuuppgjör.

Að mati starfsmanna er þrennt sem þyrfti að bæta í vinnu við uppgjör, allt eru þetta atriði sem tengjast vinnslu upplýsinga um lán.

- Lánayfirlit, sem sundurliðar ný lán, afborganir, verðbætur og áfallna vextir, er handunnið af fjárstýringu. Með vaxandi fjölda skuldabréfa sem eru gefin út, þá fer mikil vinna í þessa vinnslu og síðan yfirferð uppgjörseildar og afstemmingar við bókhaldskerfi og úrvinnsla t.d. í sjóðstreymi.
- Tengt þessu er útreikningur á næsta árs afborgunum lánanna, sem einnig er handunnið með viðeigandi villuhættu.
- Þriðja atriðið er útreikningur og færsla á afföllum lána hvers tímabils sem unnið er af uppgjörseild í Excel fyrir hvert lán. Öll þessi vinna, sem er handvirk, er tímafrek og býður upp á villuhættu. Skoða þarf hvort hægt sé að koma þessum vinnslum í lánakerfi, en núverandi lánakerfi býður ekki upp á það.

Ný löggjöf um ófjárhagslega upplýsingagjöf í ársreikningi

Samkvæmt ársreikningalögunum nr. 3/2006 eru félög sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum markaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skyldug til að birta mikið af ófjárhagslegum upplýsingum í ársreikningum. Í ársreikningum fyrir árið 2023 og 2024 bætist enn við kröfur um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga, með flokkunarkerfi ESB (EU Taxonomy) sem tekur gildi fyrir árið 2023 og sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja (CSDR) um sjálfbærni sem tekur líklega gildi fyrir árið 2024. Þessar kröfur eru samkvæmt nýrri löggjöf ESB Græna sáttmálans (e. Green Deal) er ætlað að leiða hagkerfi Evrópu að því að verða fyrsta kolefnishlutlausu hagkerfið. Þar er krafa gerð til fyrirtækja að lágmarka neikvæð áhrif sín, mæla árangur og upplýsa á gagnsæjan hátt um stöðu sína.

FAS leitaði ráðgjafar hjá KPMG um lágmarkskröfur sem ársreikningalögin gera til ófjárhagslegra upplýsinga hjá sveitarfélögum. Niðurstaða KPMG var sú að sveitarfélög falli ekki með beinum hætti undir gildissvið ársreikningalaganna samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna og af þeim sökum gildi ekki ákvæði ársreikningalaganna t.d. um góða stjórnarhætti (66.gr.c) og ófjárhagslega upplýsingagjöf (66.gr.d) um sveitarfélög. Þá kom fram í álitinu að hins vegar væri eðlilegt að veita þessar upplýsingar eftir því sem þær eiga við sveitarfélög í skýrslu stjórnar þrátt fyrir að ekki séu bein lagafyrirmæli um slíkt í ársreikningalögunum. Fjallað hefur verið um málið á fundum endurskoðunarnefndar en ekki er búið að taka afstöðu til þessarar ráðgjafar KPMG hjá Reykjavíkurborg.

Nú þegar er erfitt fyrir uppgjörseild að sinna þeirri ófjárhagslegu upplýsingagjöf sem krafist er samkvæmt ársreikningalögunum með hefðbundinni gerð ársreiknings. Það flækir einnig að ófjárhagslegar upplýsingar snúa að öðru en hefðbundnum fjárhagsupplýsingum sem fjárhagsdeildir eru vanar að sinna. Reykjavíkurborg hefur komið á sérstöku, þverfaglegu skýrslugerðarteymi fyrir ófjárhagslegar upplýsingar, enda eru þetta upplýsingar sem krefjast sérhæfðar þekkingar og vinnu. Yfirumsjón með teyminu er á hendi deildarstjóra uppgjörseilda.

Greinargerð með árs- og árshlutareikningi Reykjavíkurborgar er ítarleg og nauðsynleg til að varpa ljósi á störf sviða og fyrirtækja Reykjavíkurborgar. Veruleg vinna er við að gera greinargerðina og þurfa margir að koma að vinnslu hennar. Til að tryggja að greinargerðin innihaldi nægjanlegar og viðeigandi upplýsingar fyrir haghafa, þá þarf að skoða reglulega gerð hennar, innihald, og sérstaklega tíðni, og hvernig vinnslu hennar er best komið fyrir.

Reykjavíkurborg hefur sett upp þverfaglegt teymi til að vinna ófjárhagslega upplýsingagjöf. IER telur að setja þurfi upp nýtt teymi, sem væri skipað viðeigandi starfsfólki með víðtæka þekkingu frá ýmsum deildum borgarinnar, til þess að leiða gerð greinargerðarinnar og reglulega endurskoðun hennar.

Endurskoðun uppgjöra B-hluta fyrirtækja

Uppgjör B-hluta fyrirtækja til nota í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar eru ekki endurskoðuð þó svo að ársreikningar fyrirtækjanna séu endurskoðaðir. Uppgjörseild ber saman upplýsingar í uppgjörspökum við ársreikninga B-hluta fyrirtækjanna eftir því sem mögulegt er. IER leggur til að uppgjörspakkar B-hluta fyrirtækja verði endurskoðaðir til að auka öryggi þeirra upplýsinga sem eru notaðar í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar.

Skipulagsbreytingar og teymisvinna við uppgjör Reykjavíkurborgar

Í skipulagsbreytingum þeim sem urðu um áramót 2023-2024 var uppgjörseild skipt upp á aðrar deildir. Með því missir deildarstjóri uppgjörseilda á að ákvarða verkefni annarra starfsmanna en þarf að treysta á þeir verði áfram til reiðu á réttum tíma skv. beiðni. Til að gerð árs- og árshlutauppgjöra gangi vel fyrir sig þarf að setja upp sérstakt teymi fyrir uppgjör, með deildarstjóra uppgjörseilda sem teymisstjóra. Í teyminu yrðu aðilar úr uppgjörseilda- og bókhaldsdeild sem koma að uppgjörinu, auk annarra aðila úr öðrum deildum sem hafa innlegg í uppgjörið. Vald teymisstjóra til að skipuleggja og kalla til aðila verður að tryggja í skipunarbréfi teymis.

IER telur mikilvægt að hugað sé vel að verkefnastjórnun á þessum skipulagsbreytingum og gæta að því að engin verkefni falli milli stafs og hurðar. Með skipulagsbreytingum um áramót 2023-2024 fækkar starfsfólki áætlana- og uppgjörsskrifstofu sem hefur unnið reikningsskil Reykjavíkurborgar þar sem starfsfólk áætlana flyst á aðra skrifstofu. Við þessu á að bregðast með teymisvinnu starfsmanna frá mörgum skrifstofum, eftir því sem við á.

Gæta þarf að því að stýring og umsjón og ábyrgð með reikningsskilum Reykjavíkurborgar verði áfram á einni hendi, hjá deildarstjóra uppgjörseildar. Þekking, reynsla og geta til að vinna þetta verkefni er hjá starfsmönnum uppgjörseildar.

Ábending um mönnun í uppgjörsvinnu hjá Reykjavíkurborg

- 3 Vegna skipulagsbreytinga á FAS um áramót 2023-2024 þarf að huga sérstaklega að fullnægjandi mönnun við gerð uppgjóra. Skilgreina þarf teymishóp fyrir gerð uppgjóra sem stýrt yrði af deildarstjóra uppgjör til að tryggja faglega vinnu og stýringu.

Ábendingar um ófjárhagslega upplýsingagjöf í ársreikningi og greinargerðir sviða

- 4 Skera þarf úr um hvort sveitarfélög falla undir ákvæði ársreikningalaga um að veita upplýsingar í skýrslu stjórnar um góða stjórnarhætti (66. gr. c) og ófjárhagslega upplýsingagjöf (66. gr. d).
- 5 Setja þarf upp teymi til að leiða vinnu við endurskoðun á skýrslugjöf tengda uppgjörum Reykjavíkurborgar, meðal annars greinargerð með árs- og árshlutareikningi.

Ábending um endurskoðun uppgjörspakka B-hluta fyrirtækja

- 6 Lagt er til að uppgjörspakkar B-hluta fyrirtækja verði endurskoðaðir til að auka öryggi þeirra upplýsinga sem eru notaðar í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar.

Viðauki I – Áhættuflokkun ábendinga

Viðmið	● Mikil áhætta	● Nokkur áhætta	● Lítil áhætta
Áhrif á fjárhagslega stöðu og/eða áreiðanleika gagna Hættan á fjárhagstjóni eða skorti á áreiðanleika gagna	Líkur eru á verulegum neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna/upplýsinga í fjárhagsupplýsingakerfum	Líkur eru á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna	Takmarkaðar líkur á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum eða skorti á áreiðanleika gagna
Sviksemisáhætta. Hættan á því að sviksemi eigi sér stað, t.d. vegna skorts á starfaaðgreiningu	Miklar líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða mikil tækifæri til sviksemi	Líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og/eða tækifæri til sviksemi	Takmörkuð hættan á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka
Innri reglur og skriflegar leiðbeiningar Stefnur, verklagsreglur, verkferlar og leiðbeiningar	Miklar líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða mikil tækifæri til sviksemi	Vantar mikilvæga þætti inn í ferla og reglur og/eða nokkuð um frávik frá fylgni við reglur	Tækifæri til að bæta ferla og reglur og/eða einstaka frávik frá fylgni við reglur
Ytri kröfur. Lög, reglur, reglugerðir, leiðbeinandi tilmæli	Engin fylgni við lög og reglur eða tíð frávik	Nokkuð um frávik frá fylgni við lög og reglur	Tækifæri til að bæta enn frekar fylgni við lög og reglur
Orðsporsáhætta. Hættan á því að orðspor laskist	Miklar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Takmarkaðar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun
Tímastærur viðbragða			
Meginregla tímaramma en frá honum geta verið eðlileg frávik ákveðin í hverju tilviki fyrir sig, til dæmis ef flækjustuðull viðbragða er mikill	Sem fyrst, innan 3ja mánaða	Innan 6 mánaða	Innan 12 mánaða

Viðauki II – Viðmælendur úttektar

Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Bjarki Rafn Eiríksson, starfandi skrifstofustjóri fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu

Karl Einarsson, sérfræðingur á fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu

Erik Tryggvi Striz Bjarnason, skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörsskrifstofu

Sigurrós Ásta Sigurðardóttir, deildarstjóri uppgjörseildar

Fjóla Hreinsdóttir, staðgengill deildarstjóra uppgjörseildar

